

um afnámu skömmtunar á byggingarvörum o. fl.

Flm.: Jóhann Jósefsson, Gunnar Thoroddsen, Pétur Ottesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að afnema nú þegar skömmtun á byggingarvörum og gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa, er menn byggja til eigin afnota, enn fremur byggingu útihúsa í sveitum og verbúða.

Greinargerð.

Í síðasta þingi flutti fyrsti flm. þessa máls till. til þál. um það, að ríkisstjórninni væri falin athugun á þessu máli með það fyrir augum, að fullt athafnafrelsi fengist í þeim efnum, er um ræðir í tillögunni, sem hér liggur fyrir.

Var þar gert ráð fyrir, að í byrjun september þ. á. yrði þeim hömlum aflétt, sem hér eru í þessu efni. Sú tillaga varð eigi útrædd á þinginu og fékk því eigi endanlega afgreiðslu.

Sú greinargerð, er þar með fylgdi, gefur svo ljósa hugmynd um þetta fjárfestingaratriði, að rétt þykir að láta hana enn koma fram.

Hún hljóðar svo:

„Þegar lög um fjárhagsráð voru sett (lög nr. 7 5. júní 1947), var gert ráð fyrir, að fjárfestingarstjórnin næði ekki til minni háttar framkvæmda. Í reglugerð um fjárhagsráð o. fl. frá 31. júlí 1947 eru sett um þetta nánari ákvæði á þá lund, að ekki þurfi fjárfestingarleyfi til eftirtalinna framkvæmda:

1. að gera mannvirki eða tæki, sem eigi kostar meira í vinnu og efni en kr. 10000.00;
2. að byggja íbúðarhús til nota fyrir sjálfan sig eða skyldulið sitt, enda sé húsið ekki stærra en 350 rúmmálsmetrar og eigi óeðlilega mikið í það horið á neinn hátt, og húseigandi vinni að byggingu þess sjálfur með skylduliði sínu að mestu leyti;
3. að byggja verbúðir eða útihús á bújörðum, enda kosti framkvæmdir eigi í efni og vinnu meira en kr. 50000.00.

Jafnframt var ákveðið, að framkvæmdir af þessu tagi yrði að tilkynna til fjárhagsráðs mánuði áður en verkið hæfist.

Fjárhagsráði var þó heimilað að banna slíkar framkvæmdir, ef það teldi, að þær fælu í sér óeðlilega sóun á vinnu og efni.

Í reyndinni urðu þessi ákvæði lítils virði. Skömmtun á nokkrum helztu byggingarvörum var sett á í ágústmánuði 1947, og voru engar undanþágur veittar frá þeirri skömmtun. Var talið ófært að veita nokkrar almennar undanþágur frá skömmtuninni, án þess að allt kerfið liðaðist í sundur. Fjárhagsráð tók þá upp þá reglu að gefa út formlegar heimildir til efniskaupa, er í reynd voru í engu frábrugðnar fjárfestingarleyfum, til þeirra framkvæmda, er undanþegnar voru samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar. Var þetta talið óhjákvæmilegt til þess að tryggja þessum aðilum, að þeir gætu fengið úthlutað byggingarefni. Munu leyfi til slíkra framkvæmda hafa verið veitt viðstöðulítið framan af árinu 1948, en síðan var að mestu tekið fyrir slíkar leyfisveitingar í júnímánuði sökum yfirvofandi efnisskorts. Í október 1948 var reglugerðinni breytt til samræmis við þá venju, er myndast hafði. Voru þá undantekningarnar að heita mátti með öllu afnumdar. Þó var því ákvæði haldið, að eigi þyrfti fjárfestingarleyfi fyrir framkvæmdum, er kostuðu eigi meira í efni og vinnu en kr. 10000.00. Þetta náði þó ekki til útihúsa í sveitum og hafði að heita mátti enga þýðingu vegna skömmtunarinnar. Þannig er þessum málum háttað enn í dag.

Það þarf ekki að orðlengja, hvílik takmörkun á athafnafrelsi manna felst í því fyrirkomulagi, sem verið hefur í þessum efnum nú um nærfellt þriggja ára skeið. Tafir, óþægindi og skriffinnsla eru óhjákvæmilegir fylgifiskar slíks fyrirkomulags. Byggingarkostnaður verður meiri en ella hefði þurft að vera og vinnukraftur notast verr. Einkum hefur mikill búi orðið að þessum ráðstöfunum í sveitum og verstöðvum, þar sem byggingarframkvæmdir verða að fara fram á ákveðnum tíma árs.

Er það því ekkert álitamál, að mikil nauðsyn er til þess að losna við þessar hömlur á minni háttar framkvæmdum hið allra fyrsta, hvað svo sem verður um framtíð fjárfestingarstjórnarinnar í heild.

Viðhorfið í þessum málum hefur breytt allmjög í seinni tíð. Mjög hefur dregið úr peningaveltu innanlands, og má því gera ráð fyrir, að ekki yrði óeðlilega mikið um framkvæmdir af því tagi, sem hér um ræðir, enda þótt hömlum yrði létt af. Gengislækkunin hefur áhrif í sömu átt. Á hinn bóginn hefur reynslan leitt í ljós, að allmiklum erfiðleikum er bundið að undanþiggja vissar framkvæmdir fjárfestingarleyfum, á meðan skömmtun er enn haldið á byggingarvörum, og vafasamt er, hver vinningur er því samfara. Þess vegna er hér lagt til, að ríkisstjórnin láti nú þegar fara fram athugun á því, hvort ekki sé fært að afnema þegar á þessu ári skömmtun á byggingarvörum og létta jafnframt af hömlum á byggingu útihúsa, verbúða og hæfilegra íbúða, er menn byggja til afnota fyrir sjálfa sig og skyldulið sitt. Er ætlað til, að þessari athugun verði lokið það snemma, að hinar breyttu reglur gætu komið til framkvæmda að aflokinni síldarvertíð í byrjun september. Hagar því víða svo, að haustið og yfirleitt tímabilið fram að vetrarvertíð er hentugur tími fyrir sjómenn og aðra til að vinna sjálfa að byggingu eigin íbúða og gera sér þann tíma þann veg arðbæran.“

Öll rök, sem fyrir hendi voru á s. l. þingi fyrir því að gefa þær tilslakanir á fjárfestingarafskiptum fjárhagsráðs, sem hér um ræðir, eru enn í fullu gildi.

Afskipti fjárhagsráðs af íbúðabyggingum almennings standa í vegi fyrir eðlilegri þróun í þessum málum. Þær standa, að því er íbúðarhúsin snertir, og í vegi fyrir eðlilegri stofnun eigin heimila hjá fólki, sem eins og eðlilegt er og sjálfsagt vill staðfesta ráð sitt og byggja eigið heimili.

Þá verða hömlurnar einnig til hindrunar þeim, sem utan aðalvertíða eða heyrannatíma vilja verja tíma sínum til þess að byggja yfir sig sjálfir eða hjálpa til við það á þeim tíma, sem þeir mega helst missa frá aðalatvinnu sinni.

Í stuttu máli sagt torvelda hömlurnar, sem beitt er gegn byggingu hóflegra eiginíbúðarhúsa, eðlilega þróun fjölskyldulífs hjá þjóðinni og lama heilbriggt framtak einstaklinganna víðs vegar um land.

Hitt atriðið, sem um ræðir, er bygging nauðsynlegra útihúsa í sveitum og verbúða við sjóinn. Það leiðir af sjálfu sér, að hömlur í þessu efni eru alltaf til óþæginda og oft til stórskaða. Ákvarðanir þeirra, sem standa fyrir veitingu fjárfestingarleyfa, hljóta líka að verða nokkuð af handahófi. Af því leiðir svo, nærri óhjákvæmilega, misrétti, og er vísast, að þeir verði þar harðast úti, sem ekki hafa daglegan aðgang að þeim mönnum, sem ráða yfir þessum hlutum.

Flm. þessarar tillögu telja nægilega reynslu fengna um það, að fjárfestingarafskipti fjárhagsráðs séu svo vafasöm, þegar um ræðir minni háttar framkvæmdir, að nú sé meir en tími til kominn að hætta þeim.